

Örtröð á sýningu Errós að Kjarvalsstöðum

— sagði Davíð Oddsson

— Aðsókn að listahátíð hefur verið framar öllum vonum og gengið mjög vel, sagði Davíð Oddsson formaður framkvæmdanefndar listahátíðar í samtali við Mbl. Mjög góð aðsókn var að sýningu Errós að Kjarvalsstöðum, sagði Davíð, nánast örtröð og bezta aðsókn sem verið hefur að sýningu á Kjarvalsstöðum um langan tíma.

Listahátíð var sett á laugardag á Kjarvalsstöðum og töludu

þá Davíð Oddsson og Sigurjón Pétursson forseti borgarstjórnar. Þar kom einnig flokkurinn Freies Theater frá Þýskalandi og lék ýmsar listir á stultum og óð um allt húsið eins og Davíð komst að orði.

Af öðrum viðburðum Listahátíðar um helgina má nefna opnun sýningar Kristjáns Davíðssonar í sal Félags ísl. myndlistarmanna en þar sýnir hann 55 myndir og er helmingur þeirra til sölu. Nokkur hundruð manns höfðu séð sýninguna í gærkvöldi og einnig höfðu selzt nokkrar myndanna. Þá var opnuð í Bogasal sýningin



Freies Theater lék listir sínar í miðborginni um helgina og í gærkvöldi er þessi mynd var tekin.



Frá sýningunni á amerískum teikningum 1927-1977 sem er í Listasafni Íslands, en hún er opin daglega kl. 13.30 til 22.

„Frönsk vefjarlist og grafík“, sem er komin hingað fyrir milligöngu franska sendiráðsins og opnaði sýninguna franskir sendiherrarnir. Eru á sýningunni 43 verk 24 franskra listamanna og hefur hún farið víða um lönd. Samanstendur hún af frummyndum, grafíkmyndum og ofnum teppum.

Í Listasafni Íslands var opnuð sýning á amerískum teikningum 1927-1977 og sagði dr. Selma Jónsdóttir forstöðumaður Listasafnsins aðsókn hafa verið óvenjugóða. Er sýningin hingað



Listamennirnir Kristján Davíðsson og Erró ræðast við á sýningu Kristjáns, sem er í F.Í.M. salnum við Laugarnesveg.



Frá sýningu Errós að Kjarvalsstöðum.



Íslenski dansflokkurinn sýndi í Þjóðleikhúsinu.

komin fyrir tilstuðlan Menningarstofnunar Bandaríkjanna á vegum Listasafns Minnesota-fylkis. Malcolm E. Lein forseti safnsins kom hingað til lands til að vera við opnun sýningarinnar og flutti ávarp við athöfnina. Er Ísland fyrsti viðkomustaður sýningarinnar á ferð hennar um Evrópulönd.

Tvær sýningar voru opnaðar í Norræna húsinu. Vigdís Kristjánsdóttir sýnir þar vatnslitamyndir, íslenskar jurtir og blóm í bókasafni hússins og í kjallaranum er Mattinen-sýningin. Þar sýna hjónin Helle-Vibeke Erichsen og Seppo Mattinen, en þau hafa bæði tekið þátt í einkasýningum og samsýning-

um, heima og heiman og eiga mörg listasöfn verk eftir þau bæði.

Að kvöldi laugardagsins voru síðan tónleikar Oscars Peterson og Niels-Henning Ørsted Pedersen í Laugardalshöllinni sem var þéttsetin og var listamönnum vel fagnað. Sagði Davíð Oddsson að Oscar Peterson hefði verið mjög ánægður með viðtökur áheyrenda.

Í Þjóðleikhúsinu voru tónleikar og ballettsýning á sunnudag. Gísli Magnússon og Halldór Haraldsson léku verk eftir Stravinsky og Bartók og um kvöldið sýndi Íslenski dansflokkurinn ballett sem Davíð sagði að hefði tekið vel og verið vel fagnað og aðsókn góð að þessum tveimur dagskrárlögum. Strokkvartett Kaupmannahafnar hélt á sunnudagskvöld tónleika í Norræna húsinu og verður aftur á fimmtudagskvöldi með tónleika þar.

Að síðustu skal nefnd sýning Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík sem opnuð var á sunnudag í Ásmundarsal við Freyjögötu, en Sigurjón Ólafsson myndhöggvari er heiðursgestur sýningarinnar.

Í dag verða tónleikar í Laugardalshöll kl. 20.30 þar sem Rostropovitch leikur einleik á selló með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Vladimirs Ashkenasys, en Rostropovitch kom til landsins í gærkvöldi. Í nótt var síðan væntanleg sérstök flutningavél með hljóðfæri Smokie, alls 17 tonn og átti að flytja þau í Laugardalshöllina í nótt.